

L ö g

Nr. 46.

2

nóvbr.

um afnám fátækra tíundar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Fátækra tíund af fasteign og lausafje er hjer með úr lögum numin.

Skal því, er sveitarsjóður þannig missir í við þessa lagabreytingu, jafnað niður á hreppsþúa eftir efnunum og ástæðum, eins og öðrum sveitarútsvörum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 47.

30.

nóvbr.

um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og eigi geta sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrir-mælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því rmdæmi, þar sem